

Fornleifarannsóknir á Eyri við Skutulsfjörð 2003

Adolf Friðriksson og Andrea S. Harðardóttir (ritstj.)

Höfundar efnis: Adolf Friðriksson, Andrea Harðardóttir, H.M.Roberts, James Taylor,
Gavin Lucas og Torfi H. Tulinius



Ísafjörður 2003
Fornleifastofnun Íslands
FS 228-03231

© Fornleifastofnun Íslands 2003

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Fornleifastofnun Vesturlands og Vestfjarða
Safnahúsið, Eyrartúni
400 Ísafjörður
Sími: 848 2068. Fax: 456 5041
Netfang: andrea@instarch.is

Efni :

Adolf Friðriksson og Torfi H. Tulinius:

Fornleifarannsóknir á Eyri - inngangsorð 4

Andrea S. Harðardóttir:

Prestssetrið Eyri við Skutulsfjörð 6

Adolf Friðriksson og James Taylor:

Rannsóknir á bæjarhól Eyrar við Skutulsfjörð sumarið 2003..... 12

James Taylor:

The Farm Mound at Eyri, Isafjörður. First Stage Archaeological Evaluation. Initial results and preliminary interpretation. 19

Adolf Friðriksson og Torfi H. Tulinius:

Fornleifarannsóknir á Eyri - inngangsorð

Sumarið 2003 hófust rannsóknir á fornleifum á tveimur merkum stöðum við Ísafjarðardjúp, þ.e. á Eyri við Skutulsfjörð og í Vatnsfirði. Voru þær liður í nýju samstarfi nokkurra aðila sem vilja stuðla að auknum rannsóknum á menningarsögulegum minjum á Vestfjörðum. Að rannsókninni á Eyrarbænum stendur Ísafjarðarbær, í samstarfi við Fornleifastofnun, Byggðasafnið á Ísafirði og Hugvísindastofnun HÍ. Félagið Vestfirðir á miðöldum stendur fyrir Vatnsfjarðarverkefninu, og að þessu nýja félagi standa að hluta til sömu aðilar, þ.e. Hugvísindastofnun HÍ, Fornleifastofnun Íslands, Byggðasafnið á Ísafirði, en einnig Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Senter for studier i vikingtid og nordiske middelalder í Osló. Meðal annarra verkefna félagsins á fyrsta starfsári þess 2002-2003 voru ráðstefna, sem haldin var á Ísafirði dagana 13.-15. júní 2003 og útgáfa ráðstefnurits í samstarfi við Sögufélag Ísfirðinga. Fleiri fundir og útgáfuverkefni eru fyrirhuguð á vegum félagsins, og munu Eyrarrannsóknir falla vel að því starfi.

Í þessari skýrslu er fjallað um árangur rannsókna á Eyri við Skutulsfjörð. Andrea S. Harðardóttir sagnfræðingur og verkefnisstjóri Fornleifastofnunar á Vesturlandi tók saman sögulegt yfirlit og safnaði helstu heimildum um Eyri og búsetu þar. Þá er samantekt Adolfs Friðrikssonar fornleifafræðings um meginatriði rannsóknarinnar á Eyri sumarið 2003 ásamt tillögum um frekari rannsóknir þar. Loks er skýrsla James Taylor uppgrafterstjóra, þar sem gerð er grein fyrir uppmælingum á minjasvæðinu og sjálfum könnunaruppgreftinum ásamt öllum tæknilegum upplýsingum. Uppgrafteraskýrslan er birt hér á ensku, ásamt helstu gögnum, enda gert ráð fyrir

Þátttöku erlendra sérfræðinga í verkinu, ef framhald verður á. Fyrir slíkt samstarf er mikilvægt að uppgraftargögn séu öllum aðgengileg.

Auk Adolfs og James tóku Freya Sadarangani fornleifafræðingur og Guðrún Alda Gísladóttir fornleifafræðinemi þátt í uppgreftinum. Howell M. Roberts og Gavin Lucas fornleifafræðingar og Sigríður Þorgeirsdóttir tóku þátt í úrvinnslu rannsókna.

Höfundar vilja þakka öllu því góða fólki sem þátt hefur tekið í þessum rannsóknum sem og þeim sem aðstoðað hafa á ýmsa lund. Fornleifasjóður veitti styrk til Eyrarrannsókna, auk þess sem það naut framlaga og margvíslegrar aðstoðar frá Fornleifastofnun, Safnahúsinu á Ísafirði, Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekt, menningarmálanefnd, tæknideild, áhaldahúsi, garðyrkjudeild og bæjarritara Ísafjarðarbæjar. Hraustum piltum úr bæjarvinnunni er sérstaklega þökkuð aðstoð við jarðvinnu og frágang á uppgrftarstað.

Andrea S. Harðardóttir:

Prestssetrið Eyri við Skutulsfjörð

Fyrstu frásagnir um veru manna í Skutulsfirði er að finna í Landnámu. Þar eru Helgi Hróflsson og Þórólfur brækir nefndir landnámsmenn í Skutulsfirði. Helgi mun hafa komið á undan en ekki er getið um það hvar hann reisti bæ sinn. Þórólfur brækir mun hafa numið hluta af Skutulsfirði „...ok Skálavík ok bjó þar.”¹

Í Gísla sögu Súrssonar er minnst á Odd nokkur Örlygsson, sem sagður var búa á Eyri í Skutulsfirði. Hafði hann ætlað að taka við Austmönnum sem drápu son Þorgríms goða².

Eyri í Skutulsfirði hefur í gegnum tíðina verið talin landnámsjörð.

Bæjarstæði var að mörgu leyti ákjósanlegt á eyrinni. Frá bæ, sem þar stóð, var stutt sjávangata, þar var mesta samfellda undirlendið í firðinum, og þaðan mátti sjá til manna- og skipaferða hvaðanæva úr firðinum.³

Staðurinn var höfuðból í Skutulsfirði og miðpunktur svæðisins. Eyrarkirkja var höfuðkirkja sveitarinnar og ekki ótrúlegt að ætla að hún hafi verið reist fljótlega eftir kristnitöku. A.m.k. var kirkja risin á Eyri í Skutulsfirði um 1200 þegar að kirknatal Páls biskups Jónssonar var gert.⁴

Ekki liggur ljóst fyrir hver átti Eyri upphaflega en sennilega hefur kirkjan og jörðin snemma komist undir yfirráð biskups. Árni Þorláksson biskup setti kirkjunni á Eyri í Skutulsfirði máldaga árið 1286 og mun það vera elsti varðveitti máldagi kirkjunnar. Þar segir m.a.:

Maríukirkja á Eyri í Skutulsfirði á tvo hluti í heimalandi og fimm kýr og 20 ær og eina og fimm hundruð fríð. ... Tíundir af tíu bæjum og hálfar af Kirkjubóli, torfskurð af tveim hlutum í áttfeðmingi í Tungu landi, stóla tvo og merki tvö.

¹ „Landnáma” Íslensk fornrit. Fyrri hluti. Bls. 187.

² „Gísla saga Súrssonar” Íslensk fornrit. 4. bindi. Bls. 25.

³ Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar. 1. bindi. Bls. 31.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn. XII. Bls. 14.

Þar skal vera prestur heimilisfastur og taka fjórar merkur.⁵

Á 14. öld er Eyrar aðallega getið í máldögum kirkjunnar. Í máldaga Jóns Halldórssonar frá 13. september 1333 kemur fram að Marteinn Þórarinnsson prestur að Eyri, hafi gert samning við Jón Þorvaldsson á Kirkjubóli fyrir sig og sína eftirkomendur í embætti, um að þeir þjónustuðu hálfkirkjuna þar gegn ákveðnum greiðslum. Sá máldagi var staðfestur af Þórnari Skálholtsbiskupi 30 árum síðar.⁶ Í Vilkinsmáldaga frá 1397, kemur fram breyting á eignarhlut kirkjunnar í Eyrarlandi. Þá á kirkjan „heimaland allt“ en ekki tvo hluta þess líkt og kemur fram á máldaga Árna.⁷ Erfitt er að segja til um það hvenær sú breyting hefur átt sér stað. Jón Þ. Þór telur að kirkjan hafi eignast alla jörðina fljótlega eftir sættagerðina í Ögvaldsnesi árið 1297 og þá orðið beneficium, kirkjulénsjörð.⁸

Fátt er vitað um Eyrarklerka í kaþólskri tíð. Í **Prestatali og prófasta á Íslandi** er getið um þá presta sem talið er, að hafi þjónað Eyrarkirkju í kaþólskri tíð.⁹ Hér að framan hefur Marteinn Þórarinnsson verið nefndur til sögunnar en hann mun hafa verið prestur að Eyri um 1333 og Kolbeinn Bjarnason bjó þar um 1400 ef marka má kirkjureikninga Eyrarkirkju sem varðveist hafa frá þeim tíma.¹⁰

Þó svo að jörðin hafi verið beneficium telur Jóhann Gunnar Ólafsson, að Eyri hafi ekki alltaf verið föst ábýlisjörð presta fyrr en um siðbreytingu. Því til stuðnings bendir hann á, að ekki hafa verið minnst á Eyrarkirkju í deilum Hrafns Oddssonar og Árna biskups um kirkjustaði, og dregur af því þá ályktun, að á þeim tíma hafi leikmaður búið á jörðinni. Einnig nefnir hann, að Guðmundur Ólafsson prestur á Eyri hafi búið á eignarjörð sinni, Tungu árið 1509.¹¹ Þar sem ekki hafa fundist aðrar heimildir, sem renna stoðum undir þessa kenningu Jóhanns, er hæpið að alhæfa út frá þeim um búsetu Eyrarklerka í kaþólskri tíð

Lítið hefur varðveist af heimildum frá 15. og 16. öld Þó vitna ýmis bréf í **Íslensku fornbréfasafni** um hreppaþing sem háð hafa verið á Eyri á miðöldum en þingstaðurinn

⁵ Íslenskt fornbréfasafn II. Nr. Bls. 260.

⁶ Íslenskt fornbréfasafn II. Bls. 700.

Íslenskt fornbréfasafn III. Bls. 198-199.

⁷ Íslenskt fornbréfasafn IV. Bls. 140

⁸ Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar. 1.bindi. Bls. 42

⁹ Sveinn Níelsson: Prestatal og prófasta á Íslandi. Bls. 195-196.

¹⁰ Íslenskt fornbréfasafn III. Bls. 652.

¹¹ Jóhann Gunnar Ólafsson: „Byggð á Skutulsfjarðareyri.” Bls. 19, 47.

var fluttur frá Eyri yfir í Tungu á 17.öld, um það leyti sem Jón þumlungur Magnússon stóð í brennumálum.¹²

Fleiri dæmi vitna um kirkjustaðinn Eyri í Skutulsfirði frá þessum tíma. Jón Ólafsson Indíafari, fæddur þann 4. nóvember 1593 í Álftafirði, var fluttur til skírnar að Eyri í Skutulsfirði, þá fjögurra daga gamall og skírður af sr. Sigmundi Egilssyni.¹³

Á 17. öld dregur til tíðinda er Jón Magnússon þumlungur kemur til Skutulsfjarðar og hefur upp raust sína gegn feðgunum á Kirkjubóli. Um þá atburði er Píslarsaga séra Jóns einn helsti vitnisburðurinn.¹⁴

Þegar kemur fram á 18. öldina fer að fjölga þeim heimildum sem varðveist hafa um byggð á Skutulsfjarðareyri. Þær snúast þó flestar um uppbyggingu verslunarstaðarins á Suðurtanga en síður um kirkjustaðinn. Samkvæmt manntalinu frá 1703 bjó sr. Páll Þórðarson á Eyri og voru þar auk hans, 12 einstaklingar heimilisfastir.¹⁵ Á 18. öld var reglulega visiterað á Eyri. Misjafnt er hversu nákvæmar vísitafurnar eru en þann 21. maí 1708 var gerð nákvæma úttekt á bæjarhúsum staðarins. Þar kemur m.a. fram að baðstofan sé vel stæðileg og uppgjörð af sr. Ísleif sáluga og virðist ástand bæjarhús almennt vera gott.¹⁶

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er að finna lýsingu á jörðinni.

Jarðardýrleiki er óviss, því staðurinn tífundast öngvum, en munnmæli eru að þetta hafi að fornu 24 c jörð kölluð verið.

Ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Teitur Pálsson.

Landskuld alls engin, því presturinn nýtur staðarins frí til uppheldis sjer so sem aðrir beneficiati.¹⁷

Í úttekt þeirra félagar kemur m.a. fram að heimræði sé frá Eyri nema á vorin. Eitt skip gangi frá staðnum en á vorin þá gangi skip staðarhaldarans út á Óshlíð.¹⁸

Sr. Hákon Jónsson prófastur er skráður til heimilis á Eyri í manntalinu frá 1816 og í manntalinu frá 1845 er sr. Eyjólfur Kolbeinsson prestur þar.¹⁹ Á þeirra tímum var brauðið metið á 38 rd. en dýrleiki jarðarinnar talinn vera 12 h. ,, ... og að grjótskriður

¹² Jóhann Gunnar Ólafsson: „Byggð á Skutulsfjarðareyri.” Bls. 23-25.

Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar. Bls. 31.

¹³ Jón Ólafsson: Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara. Bls. 8.

¹⁴ Jón Magnússon: Píslarsaga.

¹⁵ Manntalið 1703. Bls. 216.

¹⁶ Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi AC/2. Skjalabók Holtspresta 1484-1731. Eyri í Skutulsfirði, 21. maí 1708.

¹⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 159.

¹⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bls. 159

¹⁹ Manntal á Íslandi 1816. Bls. 710.

Manntal á Íslandi 1845. Vesturamt. Bls. 304.

hafi eyðilagt þar mestan part af beitarlandi og víða útheys-slægjur, og verða þar aðeins hafðar 3 kýr og 40 fjár í meðalári. Hér tíðkast heimræði á haustum með lóðir.”²⁰

Kirkjan á Eyri brotnaði í stormi ári 1782 og var önnur reist, stuttu seinna. Mun sú bygging hvorki hafa verið stæðilegt hús né nægilega stór fyrir sístækkandi söfnuð, því hafist var handa við smíði nýrrar kirkju árið 1858 og kirkjustæðið nýja stungið upp úr gömlu tóftarbroti. Einar Hálfðánarson snikkari stjórnaði kirkjusmíðinni. Þjó hann á hálfri Eyrarjörðinni á móti sr. Hálfðáni föður sínum, sem þá var sóknarprestur.²¹

Verslunarstaðurinn á Eyri við Skutulsfjörð fékk kaupstaðarréttindi ári 1786. Af því tilefni gerði Jón Arnórsson uppdrátt af eyrinni þar sem staðsetning prestssetursins sést vel. Stuttu seinna keypti konungur kaupstaðarlóðina af prestssetrinu. Lóðamörk kaupstaðarins urðu því 96 álnum fyrir neðan neðsta fjárhús prestssetursins.²²

Þegar umræðan um aðskilnað hins nýja kaupstaðar og Eyrarhrepps fór af stað eftir miðja 19.öld, kom fljótlega fram sú skoðun að kirkjan og prestssetrið yrðu látin fylgja kaupstaðnum.²³ Sú varð raunin og þegar Ísafjarðarkaupstaður var formlega stofnaður, árið 1866, varð gamla prestssetrið hluti af lögsagnarumdæmi hins nýja kaupstaðar. Eyrarjörðin varð þó ekki formleg eign bæjarfélagsins fyrir en árið 1872, er bæjarstjórn keypti kirkjustaðinn.²⁴ „Eftir að bæjarstjórn eignaðist Eyri árið 1872, bjuggu þar um hríð þurfamenn bæjarins, en gamla baðstofan var að falli komin og var rifin, en tímurbustofan var flutt í Fjarðarstræti...”²⁵ Húsið í Fjarðarstrætinu var rífið fyrir örfáum árum.

Á korti frá árinu 1913, sem birtist í Sögu Ísafjarðar II, er Eyrarbæjar getið sem eyðibýlis. Tóftir bæjarins virðast hafa fengið að vera í friði fram til ársins 1925, að hafist var handa um byggingu sjúkrahúss. Þá var „grjótið úr þeim ...þá eða skömmu síðar tekið og notað til ýmissa framkvæmda, og síðan var sléttað og tyrft yfir.”²⁶

Haustið 1974 var reist stytta á Eyrartúninu til minningar um druknaða sjómenn. Þegar byrjað var að grafa fyrir stöpli hennar komu upp fiskibein, dýrabein, móaska og glerbrot. Töldu bæjarstarfsmenn sig þar hafa komið niður á öskuhaug Eyrarbæjarins.

²⁰ Johnsen, J.: Jarðatal á Íslandi. Bls. 208.

²¹ Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar I. Bls. 217, 236-237.

²² Jóhann Gunnar Ólafsson: „Byggð á Skutulsfjarðareyri.” Bls. 30. I.J.7, nr. 690. Levetzow, 1787.

²³ Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar I. Bls. 252

²⁴ Jón Þ. Þór: Saga Ísafjarðar II. Bls. 7-10.

²⁵ Jóhann Gunnar Ólafsson: „Fólkið á Ísafirði árið 1866.” Bls. 47.

²⁶ Ólafur Magnússon: „Landnám í Skutulsfirði.” Bls. 42.

Ekki fundust aðrar menjar í skurðinum.²⁷ Sérfræðingur frá Reykjavík var kallaður til og eftir að hafa litið á aðstæður, taldi hann ekki ástæðu til að aðhafast neitt í málinu frekar.²⁸

Heimildir

- Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ísafjarðar – og Strandasýsla*. 7.bindi. Kaupmannahöfn, 1940
- „Gísla saga Súrssonar” *Íslenzk fornrit*. 6. bindi. Rvk, 1943
- *Íslenzkt fornbréfasafn II*. Kaupmannahöfn, 1893.
- *Íslenzkt fornbréfasafn III*. Kaupmannahöfn, 1896.
- *Íslenzkt fornbréfasafn IV*. Kaupmannahöfn, 1897.
- *Íslenzkt fornbréfasafn XII*. Reykjavík, 1923-1932.
- „Landnáma” *Íslenzk fornrit*. 1. bindi. Fyrri hluti. Rvk, 1968
- Jóhann Gunnar Ólafsson: „Byggð á Skutulsfjarðareyri” *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1965*. 10.árg. Ísafirði, 1966. Bls. 9-36.
- Jóhann Gunnar Ólafsson: „Fólkið á Ísafirði árið 1866.” *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1965*. 10. árg. Ísafirði, 1966. Bls. 46-47.
- Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.
- Jón Ólafsson: *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara*. Rvk, 1992.
- Jón Magnússonar: *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. Matthías Viðar Sæmundsson sá um útgáfu og skrifar formála. Þórður Ingi Guðjónsson og Jón Torfason bjuggu viðauka til prentunar. Rvk, 2001.
- Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna I*. Ísafirði, 1984.
- Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna II*. Ísafirði, 1986.
- *Manntal á Íslandi 1703*. Reykjavík, 1924-1947.
- *Manntal á Íslandi 1816*. Akureyri/Reykjavík, 1947-1974
- *Manntal á Íslandi 1845*. Vesturamt. Reykjavík, 1983.
- Ólafur Magnússon: „Landnám í Skutulsfirði” *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1965*. 10.árg. Ísafirði, 1966. Bls.37-42.
- Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófaste*. 2.útg. Rvk, 1949

²⁷ Oddur Pétursson: Samtal þann 7. september 2003.

²⁸ Sturla Halldórsson: Samtal þann 21. september 2003.

Þjóðskjalasafn

- I.J.7, nr. 690. Levetzow 1787
- Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi AC/2. Skjalabók Holtspresta 1484-1731.

Munnlegar heimildir


- Oddur Pétursson: Samtal þann 7. september 2003
- Sturla Halldórsson: Samtal þann 21. september 2003

Adolf Friðriksson og James Taylor:

Rannsóknir á bæjarhól Eyrar við Skutulsfjörð sumarið 2003

Fornleifarannsókn var gerð á bæjarhól Eyrar við Skutulsfjörð í júlí árið 2003 að ósk Ísafjarðarbæjar og með styrk frá Fornleifasjóði. Tilfni rannsókna var að gera forkönnun á minjunum, þ.e.a.s. athuga ástand þeirra og meta vísindalegt gildi staðarins. Adolf Friðriksson stjórnaði verkefninu, James Taylor stjórnaði uppgreftinum og aðrir þátttakendur í vettvangsvinnu voru Guðrún Alda Gísladóttir og Freya Sadarangani. Sigríður Þorgeirsdóttir, Howell M. Roberts og Gavin Lucas sáu um ýmsa úrvinnsluþætti. Eftirfarandi samantekt byggir á rannsóknargögnum uppgraftarins.

Safnahúsið stendur á Eyrartúni, og á milli þess, kirkjunnar og Eyrarskjóls er óbyggður túnskiki. Þessi reitur var hér áður eina byggðin á þessu svæði, enda er þar hið gamla bæjarstæði Eyrarbæjarins. Talið er líklegt að byggðin á Eyri hafi þegar hafist á landnámsöld, og þar búið samfeltt uns kaupstaðurinn kaupir jörðina og bærinn er yfirgefinn 1872. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í kaupstaðarlandinu sem áður tilheyrði Eyri, en ekki er kunnugt um að á bæjarstæðinu hafi verið reistar byggingar eða gert annað rask í seinni tíð. Bæjarstæðið er grasi gróinn og fremur flatur hól, um 1 m hár þar sem hann rís hæst upp úr túnvellinum í kring, og er um 2-3 m yfir sjávarmáli.



Ekki eru mikil ummerki nú sýnileg um þá byggð sem verið hefur á bæjarstæðinu í árhundruð. Við fyrstu sýn virðist ekki annað að sjá en lítilsháttar hæðarmun í túninu, en við nákvæma uppmælingu sem gerð var við upphaf rannsókna kom annað í ljós. Í miðju gamla túninu eru í raun tveir, misstórir hólar eða hryggir. Á norðurhluta svæðisins, liggur aflöng bunga, um 51 m löng og 21 m

breið og liggur frá suðvestri til norðausturs. Nær hún frá því á móts við suðausturhorn Safnahússins og innfyrrir girðingu Eyrarskjóls. Skammt sunnan við þessa bingu er önnur minni og lægri, sem liggur eins við áttum, eða ögn meira til NNA og SSV, en sker sig ekki eins vel úr umhverfinu. Ætla má að hún sé um 25 m löng og um 11 m breið. Austurhliðin er bröttust og hún er reglulega bein. Er hugsanlegt að byggðaleifar þar hafi verið að nokkru skertar á fyrri hluta 20. aldar, enda liggur þar göngustígur.

Á suðurenda syðri bungunnar stendur minnismarki á steiptum stöpli. Landi háttar þannig til á svæðinu að túnvöllurinn er harður, gróðurmold virðist fremur lítil og stutt niður á sjávarmöl. Grjót mun hafa verið fjarlæggt úr yngstu byggingum Eyrar er sjúkrahúsið var byggt 1925. Ekki er að sjá að grunnur sjúkrahússins vestan hól, né stækkun kirkjugarðsins austan við, hafi raskað byggingum að öðru leyti. Má vera að nyrstu totu bæjarhólsins, sem er langt innan girðingar Eyrarskjóls hafi verið ögn raskað þegar leikskólinn var reistur. Eins er mögulegt að öskuhaugur bæjarins hafi verið sunnan við bæ, enda fundust þar dýrabein og aska þegar minnismarkið var reist 1974. Má vera að haugurinn hafi verið sléttaður út að hluta og/eða horfið undir gangstétt og götu.

Á grundvelli fyrirbyggjandi heimilda um svæðið og samkvæmt yfirborðsathugun og uppmælingu benti allt til þess að bæjarhóllinn á Eyri hafi orðið fyrir litlu raski. Er sérlega óvenjulegt að bæjarhóll, eða jafnvel tveir rústahólar, sem nú standa í miðjum kaupstað, hafi ekki orðið fyrir meira hnjaski við uppbyggingu byggðarinnar s.l. öld.

Ekki er kunnugt um að neinar fornleifarannsóknir hafi verið gerðar á staðnum fyrr en sumarið 2003 og lítið vitað um minjar þar annað en það sem lögun hólanna á rannsóknarstaðnum gefur til kynna og bein og aska sem kom upp syðst á svæðinu 1974. Virðist mega gera ráð fyrir að annar hóllinn, þ.e. sá stærri (nyrðri) séu leifar bæjarins, en hinn minni gæti verið leifar útihúsa sem staðið hafa á bæjarhlaðinu. Vegna seinni bygginga á gamla Eyrartúninu eru litlar líkur til að finna aðrar búsetuleifar en þar sem túnið er enn að mestu óhreyft. Kirkjan hefur staðið talsvert frá bænum á seinni öldum, en óvíst er hvar elstu kirkjustæðin eru. Mannabein hafa ekki komið upp utan kirkjugarðsins þar sem hann er nú.

Markmið uppgrftar á Eyri var að gera forrannsókn, kanna ástand minjanna, meta umfang þeirra og mögulegt rannsóknargildi. Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að meta hvort það rask sem þó hefur átt sér stað hafi haft takmörkuð áhrif á ástand

minjanna, eða hvort þær séu þannig á sig komnar að fornleifarannsókn bæri takmarkaðan árangur.


Forrannsóknin skiptist því í tvo þætti, annarsvegar nákvæma yfirborðsrannsókn á svæðinu öllu, sem gefið gæti vísbendingar um umfang og legu minjanna, og hinsvegar könnunargróft á völdum stöðum.

Lagt var út hnitakerfi sem náði yfir rannsóknarsvæðið allt (2000m²) og byggt á staðarhnitakerfi Ísafjarðarbæjar eftir leiðsögn Tæknideildar. Að lokinni yfirborðsmælingu var ákveðið að velja 3 staði til frekari rannsókna, þ.e. vestur og austur brún stærra hólans, og norðausturhluta minni hólans.

Skurður A




Skurður A lá SA-NV, á norðvesturbrún stærra hólans. Skurðurinn var 5 m langur og 2 m breiður. Minjar komu þegar fram rétt undir grasrótarglaginu. Í miðjum skurðinum kom í ljós grjóthleðsla, með u.þ.b. A-V stefnu (009). Er líklegt að hleðslan sé úr húsvegg bæjarins. Vestan við hana var brúnt moldarlag (007) með sandi, og dálitlu af kolablettum og móösku í. Er lagið yngra en veggurinn og líklegt að það hafi myndast eftir að bærinn fór í eyði. Svo virðist sem þetta áfokslag



sé jafnframt utan við bæjarhúsin að norðanverðu, því sunnan og austan við vegghleðsluna lá mikil móöskudreif (004, 005), með torfhruni í, allt að 35 sm þykk. Er

líklegt að tóftin sem hleðslan var hluti af, hafi fyllst eða verið fyllt af móösku og úrgangi þann tíma sem hún stóð opin, eins og algengt er. Undir móöskulaginu í norðausturhorni skurðarins sést í þétt, dökkbrúnt lag, með torfhruni í, móöskuflekkjum (008) og er líklega frá þeim tíma er bæjarhúsin féllu eða voru tekin niður. Það sem í skurðinum sést er þ.a.l. útveggur, svæðið utanvið (vestanmegin) og að innanverðu sér í fyllingu sem safnast hefur upp í bæjartóftinni.

Skurður B




Skurður (B) var grafinn á austurbrún stærra hólsins og sneri norðaustur-suðvestur. Hann var 5 m langur og 2 m breiður. Minjar komu þegar fram rétt undir grasrótinni, er torfið var tekið ofan af. Í miðju skurðarins kom í ljós um 1.4 m breitt torflag (010), með NA-SV stefnu. Torfið virðist vera hrun en ekki heil torfhleðsla. Hrúnið liggur hinsvegar þétt saman. Norðan og vestan megin við torfið var steinaröð af rúmlega hnefastórum steinum (011). Steinarnir

bíta ekki saman, heldur liggja þeir dálítið gisið við torfið, en þó virðist ljóst hér sé um að ræða heillega vegghleðslu úr torfi og grjóti. Virðist eystri brúnin vera ytri brún veggjarins. Beggja vegna veggjarins voru móaska og kolablettir (013, 014). Skurðurinn nær m.ö.o. yfir eystri útvegg bæjarhúsa og útfyrir hann.

Skurður C



Þriðji skurðurinn var grafinn í syðri hólinn, þann minni. Skurðurinn lá í NV-SA stefnu og var tekinn á nyrðri hluta hólsins, þar út á austurbrún hans, þ.e. þeirri er snýr að kirkjugarðsveggnum. Skurðurinn var 5.5 m langur og 2 m breiður. Minjar komu strax í ljós undir grasrótarláginu.



Í vesturenda skurðar var hrunlag úr torfi og grjóti (015), um 80 sm breitt og náði þversum fyrir skurðendann. Suðaustan við þetta lag var áberandi röð af lábörðum steinhnullungum

(016), og inn á milli þeirra voru leifar af torfi. Steinaröðin lá frá VNV til ASA og var unnt að rekja hana um 2.1 m langa leið innan marka skurðarins. Sunnan til var skurðurinn þakinn grjóti (017) bæði lábörðum hnallungum sem og grjóti með hvössum brúnum og af öllum stærðum. Inn á milli voru kolablettir (018), með járngjalli og sindri í og járnbotum, m.a. nöglum. Norðan við þessar járnvinnsluleifar var stór viðarkolablettur (019). Á einum stað vottaði fyrir brenndum beinum og ösku (020). Suðaustanmegin í skurðinum voru enn tvær steinaraðir (021-022).

Erfitt er að meta mannvistarleifar út frá litlum skurði, en það virðist blasa við að hleðsluleifar 15, 16, 21 og 22 séu allt veggjaleifar sömu byggingar sem þar hefur staðið, og tilheyrja annaðhvort sama byggingarstigi eða fleiru en einu. Kolin og járnleifar benda eindregið til að þar hafi staðið smiðja.

Niðurstöður

Minjasvæðið nær yfir um 2000 fermetra skika, og virðist litlu hafa verið raskað þar frá því bærinn var rifinn á ofanverðri 19. öld. Bæjarstæðið stendur á tveimur, lágum hólum. Grafið í báða hólana og fornleifar komu í ljós í öllum skurðum.

Í skurðum A og B á stærri (nyrðri) hólnum komu í ljós breið lög af torfhruni og grjóti sem lá í sömu stefnu og brúnir langhliðar bæjarhólsins. Eru allar líkur á að þessar hleðsluleifar tilheyri stórum veggjum úr torfi og grjóti og að þeir séu hluti af útveggjum bæjarhúsanna austan megin og vestan. Á milli veggjanna og utan þeirra eru lög af ösku og öðrum úrgangi, eins og vænta má í tóftum bæjar eftir að hann hefur verið yfirgefinn. Í skurði C á minni (syðri) hólnum komu fram flóknar leifar húsbyggingar, jafnvel leifar af fleiru en einu byggingarstigi. Inn í húsinu fundust áberandi merki elds og járnvinnslu. Virðist hér fundin smiðja bæjarins á Eyri, og kann sú ályktun jafnframt að skýra hversvegna þessi bygging hefur verið reist spottakorn frá sjálfum bænum, þ.e. vegna eldhættu. Syðst á þessum sama hól, höfðu fundist dýrabein og mikið af ösku þegar minnismarki var reist þar 1974. Er líklegt að þar á hólnum séu einnig leifar öskuhaugsins frá bænum.

Alls fundust 32 fundir. Eru það einkum leirkersbrot, naglar og ýmis brot, sem staðfesta að minjarnar eru frá 19. öld.

Varðveisla byggingaleifa er góð, og auk þess virðast varðveisluskilyrði í jarðveginum ágæt, enda fundust m.a. leifar af vefnaði. Gefur það góða von um að ástand minja sem liggja neðar í rústahólunum sé mjög gott.

Hafi Eyrarbærinn verið byggður á landnámsöld, og hafi hann ávallt staðið á sama stað, geyma þessir rústahólar óslitna byggðasögu frá upphafi. Ekki var grafið niður úr mannvistarlögnum í skurðunum, til að hrófla sem minnst við minjunum á þessu stigi, en með hliðsjón af þeirri upphleðslu sem orðið hefur á staðnum, má ætla að hólarnir geymi um 1.7 m þykk lög af merkum minjum.


Til þessa hafa fáar fornleifarannsóknir verið gerðar á Vestfjörðum, og engar rannsóknir á bæjarhúsum þar frá miðöldum eða síðar. Frekari rannsóknir á bæjarleifum Eyrar væru kærkomið tækifæri til að bæta við þekkingu á menningarsögu þessa landshluta síðustu aldir.

Verði ráðist í frekari rannsóknir á Eyri, væri æskilegt að kanna í fyrstu nyrstu totu nyrðri hólsins, þ.e. þess hluta minjasvæðisins sem nú er innan leikskólavallar. Eins væri heppilegt, ef bæjaryfirvöld hafa í hyggju að nýta túnið við hólinn og sjúkrahúsið, að kanna með prufugrefti, hvort fleiri minjar leynist í túninu, þótt ekki sjáist móta fyrir þeim á yfirborði. Þar gæti verið um að ræða leifar útihúsa, eða jafnvel eldri kirkjustæði eða bæjarstæði. Ekki er víst að bærinn hafi ávallt staðið á sama stað. En hólarnir vitna um það að hann hefur a.m.k. verið á því bæjarstæði í langan tíma. Fjarsjármælibúnaði verður líklega ekki komið við til athugana á túninu, enda er jarðvegur of grunnur. Verði ráðist í umfangsmiklar rannsóknir á Eyri, væri heppilegt að opna stórt uppgraftarsvæði, t.d. í fyrstu á nyrðri hólnum, rannsaka efstu minjarnar í nokkrum áföngum og meta hvort mögulegt sé að varðveita þær og kynna almenningi, eða hvort vert væri að halda rannsóknum áfram og rannsaka eldri mannvistarleifar einnig. Suðurhóllinn er líklega smiðja og má vera að undir yngstu smiðjunni séu enn leifar smiðju eða annarra útihúsa. Þótt öskuhaugurinn sé að nokkru skertur, er ljóst að dýrabein varðveitast vel á staðnum og gefur það góða von um að nýta megi úrganginn til rannsókna á mataræði og ýmsum efnahagslegum þáttum úr sögu Skutulsfjarðarbúa.

James Taylor:

The Farm Mound at Eyri, Isafjörður. First Stage Archaeological Evaluation. Initial results and preliminary interpretation.

With contributions from Howell M. Roberts and Gavin Lucas.




Fornleifastofnun Íslands carried out an archaeological evaluation (trial trenching) on municipal land in the grounds of the Museum in Isafjörður, between the 1st and 5th July 2003. This work was carried out on behalf of the Town of Isafjörður, in an effort to understand and realise the research potential of the site, and represents the first stage of a process of investigation which may help to shed light on the development of the earliest known settlement in the area.

Targeted trenching of the visible farm-mound revealed extensive archaeological remains throughout the area. All of the remains encountered upon this site appear to represent a single phase of mid to late 19th century activity - this corresponds well to the documented abandonment of the farm in c. 1870. A contour survey centred upon

the farm-mound and its immediate vicinity has recorded in detail the local topography, and revealed two probable foci of activity on the site. The nature and date of the deposits found suggest excellent potential for preservation of earlier remains on the site. Further substantial archaeological excavations are therefore thought to be both possible and desirable. Such will prove necessary to fully document and understand the origins and development of this historically important settlement.

INTRODUCTION



Eyri Farm is located within the grounds of the old hospital building (now museum and library) in the town of Ísafjörður, Skutulsfjörður, and the playground of the adjacent playschool Eyrarskjól to the northeast. Set on the landward (northwestern), end of the promontory which lends the farm its name, the farm remained in use until c. 1870. The area has never been built upon at any point during the subsequent growth of the town.

The site sits on a gentle slope, dropping from c.3m above sea level on the northeastern side to c.2.1m above sea level to the southwest. The study area is primarily within the limits of the landscaped grass gardens surrounding the museum. Some footpaths cross the area and, as already noted, a playground is situated at the northeastern limit.

The visible remains include two adjacent sub-rectangular mounds orientated northeast-southwest. The largest mound, to the northwest, has a visible extent of some 51m long and 21m wide. The highest part of this mound is 4.1m above sea level, dropping to approximately 3.1m at its southwestern limit. The surface of the mound has a number of clear depressions and raised linear features, which are likely to correspond to structural remains some distance below the surface.

The southeastern mound has significantly smaller visible extents, due partly to apparent truncation at the east by both a public footpath and a cemetery, and to the southeast by a statue base. The surviving limits measure some 25m long by 11m wide. The highest point on this mound is circa 3.5m above sea level.

Further truncation of the site may have occurred during the building of the hospital in 1925, when local tradition suggests that the farm-mound was levelled to create the hospital gardens. Archive photographs of the site, dating to the 1870's suggest that as well as the two main structures, associated out-houses may also have been present at this time. However no evidence for these remains apparent in the topography of the area, suggesting that these at least may have been truncated or levelled.

A study area focusing upon the areas of high potential around the visible farm mounds thus encompasses an area of approximately 2000m².

Historically the site is important to the area as it is believed to be the first farm in Skutulsfjörður. Medieval sources indicate that the farm date to the 'Landnám' period. By the 17th century the farm is the dominant settlement in the area.

AIMS AND METHODOLOGY

No previous archaeological investigation has been undertaken at the site, and little is known about its archaeological development. As such, the aims of this project were twofold:

- 1) To assess the nature, extent and preservation of archaeological deposits within the farm-mound at Eyri.
- 2) To make a record of the surface topography of the farm mound.

These steps will allow the construction of a research agenda and the creation of a framework within which a larger scale excavation may be performed.

At the outset, one crucial issue was to establish the level of preservation of the archaeological record. Since the site is believed to have been landscaped during the construction of the hospital and its grounds, it is important to assess the degree to which this activity may have truncated or disturbed the archaeological sequence before further research can be carried out on the site.

In order to address this concern a trial trenching methodology was adopted. This was supplemented by measured survey, and a measured graphic record.


A grid system was established using known points provided by Tæknideild Ísafjarðarbæjar (in the local grid system). Areas targeted for study were staked out using a total station theodolite. Turf, topsoil, and modern overburden were all removed by hand. All archaeological deposits thus revealed were also excavated by hand. Written, and drawn records of all archaeological deposits were completed using pro-forma recording systems developed by Fornleifastofnun Íslands, and supplemented by photography as appropriate. All finds were recovered and located by single context.

In total, 3 trial trenches were excavated;

Trenches A and B were orientated northwest-southeast targeting shallow depressions in the top of the northern mound. Trench C was also orientated northwest-southeast and focussed on the less well preserved southern mound.

In addition, the topography of the farm-mound was mapped using a Nikon DTM750 total station theodolite using 'FastMap' onboard software, generating a digital elevation model of the site. Post-processing was carried out using "Surfer 8" software to generate a contour model of the study area.


RESULTS



All three trenches yielded archaeological deposits with an excellent degree of preservation, immediately below the turf surface. Intrusive excavation was therefore kept to a minimum in order to preserve the deposits *in situ* until a wider research programme can be implemented, taking into account the full extent of these deposits.

Trench A

Trench A was oriented northwest-southeast and located on the northwestern edge of the visible remains. It measured 5m long by 2m wide.




A small sondage in the northeastern corner of the trench revealed a deposit of mid brown sandy silt (008) including charcoal lenses, and frequent crushed or degraded shell, at a height of 3.50m above sea level. Context 008 was interspersed with turf collapse, peat ash and large stones, and to the west overlay a cluster of large rocks orientated northeast-southwest (009). These stones were limited on their south side by a band of charcoal – a continuation of context 008 as seen in the sondage. Context 009 appeared to be of a structural nature, and is interpreted as a possible wall. The latter context marked a gentle break of slope to the northwest which was formed by a deposit of mid brown sandy silt (007) with turf fragments, wood ash and charcoal. Context 007 is interpreted as post abandonment debris.

To the southeast of structure 009 was a thick layer of orange and red peat ash (005) containing turf fragments, and measuring up to 350mm in depth. Context 005 appears to fill a hollow to the south east of structure 009 and is interpreted as a process of dumping within the ruins following the abandonment of the structure. Context 005 was in turn overlain by a more mixed deposit of dark brown humic silt (004) including lenses of charcoal and peat ash. These deposits were sealed by turf and topsoil.

Trench B

Trench B was oriented northwest-southeast and located on the east side of the visible remains. It measures 5m long by 2m wide.




Deposits in the trench were dominated by a band of turf collapse (010) up to 1.4m wide and aligned northeast-southwest. Deposit 010 was edged at its northern limit by a linear band of large stones (011), appearing to form the fair face of a structure. Taken together, contexts 010 and 011 are interpreted as the remains of a turf and stone wall (012).

Downslope, to the southeast of structure 012 was a dump of peat ash and charcoal (013) measuring at least 1.1m in diameter, and of as yet unknown depth. To the northwest of structure 012, smaller patches of charcoal were also found in a deposit of dark greyish brown silt (014), interspersed with occasional clusters of small to medium sub-rounded stones.

Trench C

Trench C was oriented northwest-southeast and located on the southeastern part of the farm mound. It measures 5.5m long by 2m wide.



The western limit of this trench was marked by a band of stone and turf debris (015) with a visible width of 800mm. To the southeast of context 015 was distinctive linear band of rounded ‘sea-boulders’ (016), with intermittent patches of turf debris. Feature 016 was aligned westnorthwest-eastsoutheast, and could be traced for a distance of some 2.1m within the limits of the trench.

The southern central part of the trench was covered with a spread of stones (017) including both ‘sea-boulders’ and more angular stones of all sizes. These were supported by a very mixed matrix of loose dumps (018) and large charcoal patches with concentrated slag and ironwork (mostly nails and fittings). The northern central part of the trench was dominated by a dark charcoal rich deposit (019). Between contexts 015 and 019, a discrete patch of burnt bone and ash was noted (020).

At the south eastern limit of the trench, two further linear bands of stone were apparent (Contexts 021 and 022), having slightly differing alignments.

Features 015, 016, 021 and 022 are interpreted as the remains of buildings or other structural elements. Prior to further excavation the relationships of these features are unresolved, although it seems likely that this group represents elements of more than one phase of construction. It is possible that Features 015 and 022 belong to a single building episode, and that features 016 and 021 belong to another.

CONCLUSIONS

All three trenches yielded clear archaeological evidence. Trenches A and B both contained large bands of turf debris and rocks, aligned with the long axis of the farm mound. These features are clearly suggestive of large walls of turf and stone, as may be expected at a settlement of this nature. Similarly, the associated deposits - including substantial dumps of peat ash - are consistent with the post-abandonment debris that might be anticipated on a site such as this.

Trench C, located on the smaller southeastern mound also showed complex structural remains, along with concentrated evidence of burning and metalwork. It is therefore suggested that this structure (or structures) represents some form of workshop or specialised activity area, possibly a smithy. This may indicate a functional separation of the outbuildings.

All of the finds are of a date consistent with the known abandonment of the farm in the mid-late 19th century.

Preservation of the excavated deposits was excellent in all 3 trenches, including the preservation of textiles amongst other finds. There is no reason to suspect that underlying phases of activity are any less well preserved.

The farm-mound Eyri has a substantial archaeological potential. It is likely that the archaeological sequence is both well preserved and survives to some considerable depth. Up to 1.7m of accumulation may be noted across the site and this is thought to reflect a lengthy period of occupation, and complex structural deposits.

Large scale excavation will be necessary to understand such a sequence fully. Such work would be a major contribution to the archaeology of the Westfjords, a region that is currently underrepresented nationally, and would greatly enhance our understanding of farm development in Iceland. The site is held to be of both regional and national importance, and would make a contribution of international significance when added to comparative data from similar sites elsewhere in Iceland (such as Stóraborg in Eyjafjallasveit). The archaeology of farm-mounds in the North Atlantic remains an under-developed area of study, and one which therefore offers excellent research opportunities and has great potential.

ACKNOWLEDGEMENTS

The author would like to thank Freya Sadarangani and Guðrún Alda Gísladóttir for their assistance on site and in the survey work. The project was managed by Adolf Friðriksson for Fornleifastofnun Íslands. Site drawings were digitised by the author, from which illustrations were prepared by H. M. Roberts, who also edited this report. Artefacts were processed by Sigríður Þorgeirsdóttir, registered by H. M. Roberts and Dr. Gavin Lucas has kindly commented on the finds.

Fornleifastofnun Íslands acknowledges the support of Fornleifasjóður in providing funding for this project, and the Museum of Isafjörður for lending us their facilities. Thanks are due to Andrea Harðardóttir for her organizational help and for liaison with the city authorities, and to Stefán Brynjólfsson of Tæknideild Ísafjarðarbæjar for the provision of survey data and basemaps.

Appendix 1 – Context Register

No.	Area	Type	Description / Information	Date	ID
001	Tr. A	Group	Pre-ex plan	2/7/03	FS
002	Tr. B	Group	Pre-ex plan	2/7/03	GAG
003	Tr. C	Group	Pre-ex plan	2- 3/7/03	GAG
004	Tr. A	Layer	Dump. Dark brown organic silt with charcoal, peat ash, turf.	2/7/03	FS
005	Tr. A	Layer	Part-exc. Dump. Peat ash, charcoal, turf debris.	3/7/03	FS
006	Tr. A	Group	Post-exc multi-context plan	5/7/03	FS
007	Tr. A	Deposit	Un-exc. Mid brown silt with turf fragments, wood ash charcoal	px	HMR
008	Tr. A	Deposit	Un-exc. As 007. Possibly equals 007?	px	HMR
009	Tr. A	Deposit	Cluster of large sub-rounded stones – top of possible wall?	px	HMR
010	Tr. B	Deposit	Linear spread of turf collapse. Part of [012]	px	HMR
011	Tr. B	Deposit	Stone facing. Part of [012]	px	HMR
012	Tr. B	Group	Putative stone faced wall. Formed from (010) and (011)	px	HMR
013	Tr. B	Deposit	Dump. Peat ash, wood ash and charcoal.	px	HMR
014	Tr. B	Deposit	Dark greyish brown silt with occasional small-med sub-rounded stones	px	HMR
015	Tr. C	Deposit	Band of turf collapse with frequent stone	px	HMR
016	Tr. C	Deposit	Linear band of rounded cobbles	px	HMR
017	Tr. C	Deposit	Spread of mixed stone	px	HMR
018	Tr. C	Deposit	Mixed dumping, including charcoal, slag, iron etc.	px	HMR
019	Tr. C	Deposit	Dark, charcoal rich.	px	HMR
020	Tr. C	Deposit	Patch of burnt bone and ash	px	HMR
021	Tr. C	Deposit	Stone alignment	px	HMR
022	Tr. C	Deposit	Stone alignment	px	HMR
023	Tr. A	Layer	Topsoil	px	HMR
024	Tr. B	Layer	Topsoil	px	HMR
025	Tr. C	Layer	Topsoil	px	HMR

Appendix 2 – Finds Register

Finds Number	Context Number	General Name	Material Type	Quantity Weight (g)	Quantity Count
1	023	Pot sherds	Ceramic	42	15
2	023	Sherds/ fragments	Glass	145	22
3	023	Coin	Cu Alloy	2.4	1
4	023	Fragment	Coal	0.42	2
5	023	Fragment	CBM	8	1
6	023	Fragment	Bone	0.2	2
7	U/S	Sinker	Stone	2225	1
8	004	Sherds/ fragments	Glass	143	7
9	024	Clay pipe stems	Ceramic	11	5
10	024	Nails	Fe	127	13
11	024	Objects	Fe	20	2
12	024	Fragment	CBM	39	11
13	024	Pot sherds	Ceramic	72	40
14	024	Bone	Bone	12.6	1
15	024	Sherds/ fragments	Glass	37.5	13
16	025	Clay pipe stems	Ceramic	3.6	2
17	025	Object	Cu Alloy	5.5	1
18	025	Whetstone fragment	Stone	14.7	1
19	025	Object	Lead	10.9	1
20	025	Hook	Fe	13.7	2
21	025	Sherds/ fragments	Glass	63.3	20
22	025	Fragment	Coal	10	2
23	025	Fragment	CBM	15.6	5
24	025	Fragment	Shell	6	3
25	025	Fragment	Bone	9.2	14
26	025	Horseshoe	Fe	203.9	2
27	025	Hook	Fe	122.6	1
28	025	Object	Fe	2000	50+
29	025	Nails	Fe	485	50+
30	025	Pot sherds	Ceramic	800	100+
31	025	Bone	Bone	47.6	4
32	025	Slag	Slag	250	12